



BORGARBYGGÐ

Alþingi

Erindi nr. P 135/1080

komudagur 22. 1. 2008

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla

Sendandi: Fræðslunefnd Borgarbyggðar

Dags: 21.01.2008

Þskj. 319 - 285. mál; Frumvarp til laga um grunnskóla

Fræðslunefnd Borgarbyggðar hefur kynnt sér frumvarp til laga um grunnskóla.

Almennt um frumvarpið

Samræma þarf lagatexta við lagafrumvarp um leikskóla. Má þar nefna að orðalag í kaflanum um markmiðslýsingar mætti samræma.

Lagatextinn er of ítarlegur og vandséð að það þjóni tilgangi laganna að hafa langar upptalningar um efnistöð aðalnámskrár eða hlutverk skólaráðs og nemendafélags.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. gr.

Textinn er ítarlegur. Fræðslunefnd telur umhugsunarefni að hafa svo langa upptalningu um starfshætti skóla og markmið með skólastarfi.

5. gr.

Ljóst er af greininni að mikilvægt er að kanna hvort kostnaður sveitarfélaga við rekstur grunnskóla muni vaxa verði lagafrumvarpið samþykkt á Alþingi.

7. gr.

Fræðslunefnd telur þessa grein of ítarlega. Ekki er þörf á að tilgreina sérstaklega að skólastjóri boði til kennarafunda. Ekki er heldur þörf á að tilgreina hvernig skólastjóri eða sveitarstjórn hagar því hver fari með forstöðu skóla í forföllum skólastjóra skóla með færri en 60 nemendur.

8. gr.

Texti greinarinnar er of ítarlegur.

10. gr.

Fræðslunefnd efast um að eðlilegt sé að binda í lög að nemendafélag skuli fá starfsáætlun skóla til umsagnar. Ekki er óeðlilegt að nemendur taki þátt í að móta starf skóla og námsframboð en vart þörf á að binda eðlilega þætti skólastarfs í lög með þeim hætti sem hér er lagt til.

11. gr.

Fræðslunefnd vekur athygli Alþingis á að þörf er á að endurskoða lög um réttindi og skyldur skólastjóra og kennara við grunnskóla frá 1996. Sú réttarvenja sem skapast hefur í túlkun laga er lýsa skyldum kennara og skólastjóra og möguleikum stjórnenda til að hafa afskipti af störfum undirmanna er íþyngjandi fyrir eðlilega starfsmannastjórnun við skóla.

Í lagafrumvarpi fyrir leikskóla er kafli um þagnarskyldu starfsfólks. Fræðslunefnd telur eðlilegt að hafa slíkan kafla í lögum um grunnskóla.

12. gr.

Fræðslunefnd vekur athygli löggjafans á þeirri venju sem skapast hefur við ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til námsleyfa kennara og skólastjóra skv. þessari grein. Á undanförunum árum hefur framboð á námi samhliða vinnu vaxið mikið sem og framboð á stuttum námskeiðum

RA
RI



sem nýtast kennurum vel í starfi. Meðal starfstími kennara þarf að vera um 70 ár ef allir eiga að geta nýtt sér launað leyfi í ár miðað við núverandi framlög. Fræðslunefnd telur, í því ljósi, að brýnt sé að breyta verklagi við veitingu námsleyfa þannig að fleiri gefist kostur á endur- og símenntun samkvæmt 12. gr. lagafrumvarpsins.

16. gr.

Fræðslunefnd telur texta þessarar greinar of ítarlegan. Eðlilegt er að lögin skyldi skóla til að setja sér átælu um móttöku nýrra nemenda en að það sé orðað almennum orðum í lögnum.

17. gr.

Fræðslunefnd vekur athygli löggjafans á að atriði í þessari grein kunna að þarfnast frekari skýringar við enda gert ráð fyrir að reglugerð skýri greinina frekar. Fræðslunefnd telur eðlilegt að þar sem gert er ráð fyrir reglugerð til að skýra greinar lagafrumvarpsins frekar sé lagatextinn knappur.

20. gr.

Líkt og við 17. gr. er gert ráð fyrir reglugerð sem skýri þessa grein og því spurning hvort ekki sé eðlilegt að texti lagafrumvarpsins sé knappur.

VII. KAFLI


Fræðslunefnd telur eðlilegt að farið verði yfir allar greinar VII. KAFLA laganna með það að markmiði að stytta textann og gera hann markvissari. Þar sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir að settar verði reglugerðir til að skýra lagagrein, t.d. 24. gr., er eðlilegt að stytta textann verulega. Í 24. gr. eru auk þess atriði í texta er eiga frekar heima undir öðrum greinum lagafrumvarpsins.

IX. KAFLI


Fræðslunefnd vekur athygli löggjafans á að mikilvægt er að skýra hlutverk og kostnaðarskiptingu milli stjórnsýslustiga þegar kemur að eftirliti með heilbrigði grunnskólabarna. Má þar nefna auknar kröfur heilsugæslunnar um aðstöðu til að sinna heilsugæslu í skólahúsnæði, auknar kröfur íbúa um aðgang að iðjuþjálfun fyrir börn og ágreiningi um túlkun á greiningu sérfræðinga á þroskafrávikum barna.


Jafnframt vekur fræðslunefnd athygli löggjafans á hvort ekki sé þörf á að greina kostnað sveitarfélaga af aukinni sérfræðiþjónustu í tengslum við skólastarf.

Virðingarfyllt,



Finnboji Rögnvaldsson, formaður



Ásbjörn Pálsson


Finnboji Leifsson


Rósa Marinósdóttir


Guðrún Elfa Hauksdóttir


Karvel Karvelsson


Þór Þorsteinsson